

L Ö G**um verðjöfnunargjald af raforku.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. 83/1974 kemur: 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. komi svofelld viðbót:

Eigi er þó heimilt á árinu 1977 að leggja fasteignaskatt á byggingar, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 1977 er ekki heimilt að bækkja gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gildi fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.